

ÍRIS ELLENBERGER

## Ég er alveg í öðrum heimi

### Kvennaskólinn í Reykjavík, kvennahreyfingin og hinsegin ástir meðal kennslukvenna um aldamótin 1900

Árið 2015 var fyrsta heila höggmyndin af nafngreindri konu afhjúpuð í Reykjavík en hana gerði Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari. Tilefnið var að hundrað ár voru liðin síðan að konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt í Alþingiskosningum og því þótti við hæfi að sú sem hlyti þennan heiður væri konan sem fyrst tók sæti á Alþingi, Ingibjörg H. Bjarnason skólástýra Kvennaskólans í Reykjavík. Afmæli kosningaréttarins varð tilefni til að minnast Ingibjargar, fara yfir lífshlaup hennar og gera helstu afrekum hennar skil. Sjónvarpsþáttaröðin *Öldin hennar*, sem fjallaði um ýmsar hliðar kvennabaráttunnar á tímabilinu 1915–2015, helgaði Ingibjörgu heila tvo þætti. Annar fjallaði um styttuna sem henni var reist við Austurvöll en hin um líf hennar og störf. Þar er hennar einkalífi lýst á þennan veg: „Fröken Ingibjörg giftist aldrei. Hún gaf sig alla kennslu og stjórn málaferlinum, enda margt sem hún vildi hafa áhrif á.“<sup>1</sup> Í framhaldinu er fjallað um þátt hennar í baráttunni fyrir byggingu Landspítalans á öðrum áratug 20. aldar og því næst greint frá stjórn málaferli hennar og þeim þingmálum sem hún lagði áherslu á.<sup>2</sup> Þessi umfjöllun sver sig í ætt við þá sögu sem iðulega er sögð af Ingibjörgu og hefur verið ríkjandi í sagnritun um hana að minnsta kosti frá

<sup>1</sup> „Öldin hennar. Fröken Ingibjörg“, *Sagafilm, Facebook*, 23. mars 2015, sótt 4. júní 2020 af <https://www.facebook.com/Sagafilm/videos/1099691276723709/>. Grein þessi er unnin upp úr heimildum sem aflað var í gegnum verkefnið *Hinsegin buldukonur* sem hlaut styrk frá Jafnréttissjóði Íslands árið 2017.

<sup>2</sup> „Öldin hennar. Fröken Ingibjörg“.



Því að aldarsaga Kvennaskólans í Reykjavík var gefin út árið 1974. Þar er henni stillt upp sem hæfileikaríki og iðinni konu sem kaus kennslu og opinber störf í þágu þjóðarinnar fram yfir hefðbundið fjölskyldulíf.<sup>3</sup>

Þau gögn sem eru varðveitt eftir Ingibjörgu sýna þó að einkalíf hennar var margbrotnara en ríkjandi söguskoðun gefur til kynna. Í einkaskjalasafni Ingibjargar er meðal annars að finna bréf frá Ágústi bróður hennar en af þeim má ráða að hún hefur skrifað honum um ýmis hjartans mál. Einnig má þar lesa nokkur bréf sem tjá mjög sterkar tilfinningar bréfritaranna í hennar garð, tilfinningar sem við myndum í dag túlka sem rómantíska ást. Þessi bréf hafa þó ekki farið hátt í sagnritun um Ingibjörgu en fyrir því eru margvíslegar ástæður. Þar vegur þyngst að einkaskjöl Ingibjargar voru fyrst gerð aðgengileg fræðimönnum og öðru áhugafólki um hennar líf og störf árið 2015. Ýmislegt er á huldu um ástæður þess að skjölin bárust svo seint, þegar Ingibjörg hafði verið látin í nær þrjá aldarfjórðunga. Skjölin voru geymd í Kvennaskólanum í Reykjavík og að minnsta kosti hluti þeirra upphaflega flokkaður þar í aðdraganda ritunar aldarsögu Kvennaskólans. Sá orðrómur hefur verið á sveimi að hluta af hennar einkaskjöllum hafi þá verið fargað vegna þess að meðal þeirra var að finna bréf sem þóttu „ósiðleg“.<sup>4</sup>

Vissulega er að finna efni í skjalasafni Ingibjargar sem hefur storkað siðferðisviðmiðum á áttunda áratug 20. aldar, en heitustu ástarjátningarnar í skjalasafninu eru frá tveimur konum, þeim Ingibjörgu Guðbrandsdóttur og Ágústu Ólafíu Ágústsdóttur Ólafsson. Þær voru báðar nemendur og síðar samkennarar Ingibjargar H. Bjarnason við Kvennaskólann í Reykjavík og Barnaskóla Reykjavíkur. Við vitum, enn sem komið er, um fáar heimildir þar sem konur tjá ást sína á kynsystur sinni jafnopinlegt og í bréfunum til Ingibjargar. Þau gefa okkur því fágæta innsýn inn í tilfinningalíf kvenna sem báru ástarhug til annarra kvenna um aldamótin 1900.

<sup>3</sup> Sigríður Briem Thorsteinsson, „Ingibjörg H. Bjarnason“, *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1974, bls. 207–224. Annað dæmi um hefðbundna söguskoðun í sagnritun um Ingibjörgu H. Bjarnason: Kjartan Magnússon, „Einingartákn og merkisberi íslenskra kvenna“, *SunnudagsMogginn* 30. október 1911, bls. 34–35, hér bls. 35. Nútímavæddari útgáfu má finna í: Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 156.

<sup>4</sup> „Eyður“, *Huldukonur. Hinsegin kynverund kvenna á Íslandi fyrir 1960. Heimildir, túlkani, námsefni*, sótt 1. febrúar 2021 af <https://huldukonur.is/eydur/>; „Skjalasöfn einstaklinga. Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941). KSS 2018/17“, *Kvennasögusafn Íslands*, sótt 5. febrúar 2021 af [https://kvennasogusafn.is/index.php?mac=News,cntnt01,detail,0&cntnt01articleid=64&cntnt01detailtemplate=Safnkostur\\_detailTempl&cntnt01returnid=45](https://kvennasogusafn.is/index.php?mac=News,cntnt01,detail,0&cntnt01articleid=64&cntnt01detailtemplate=Safnkostur_detailTempl&cntnt01returnid=45).

Í þessari grein verður fjallað um ástarbréfin í skjalasafni Ingibjargar H. Bjarnason í því sögulega samhengi sem umlykur þau. Eva Borgström sagnfræðingur hefur vakið athygli á því að fyrsta bylgja femínisma á Vesturlöndum, sem reið yfir um það leyti sem Ingibjörg Guðbrandsdóttir og Ágústa Ólafsson festu tilfinningar sínar á blað, bauð upp á aukið rými fyrir ástir milli kvenna. Kvennabaráttan hafði meðal annars þann tilgang að móta nýjar hugmyndir um kvenleika sem fælu í sér möguleika á sjálfstæðu lífi utan hjónabands.<sup>5</sup> Kennsla gerði konum kleift að sjá fyrir sér sjálfar, án aðstoðar fjölskyldu eða maka, og var jafnframt eitt af fáum störfum sem þóttu nógu virðuleg fyrir þær efri- og millistéttar konur sem leiddu kvennahreyfinguna. Kennarar voru áberandi innan hreyfingarinnar sem sést til dæmis á fjölda þeirra í hópi stofnfélaga Kvenréttindafélags Íslands árið 1907.<sup>6</sup>

Kvennaskólar urðu því suðupottur femínisma víða á Vesturlöndum. Rannsóknir kynja- og hinsegin sagnfræðinga, til dæmis Mörthu Vicinus, Carol Smith-Rosenberg og Sally Newman, hafa sýnt að heitar tilfinningar og nán kynferðis- og ástarsambönd urðu til við þessar aðstæður, og voru í raun bæði einkenni á og afleiðing af kvennahreyfingunni.<sup>7</sup> Slík sambönd voru samþykkt, upp að vissu marki, fyrir og um aldamótin 1900, en urðu síðar litin hornauga, sem útskýrir að vissu leyti hvers vegna þau hafa legið í þagnargildi áratugum saman. Önnur ástæða er sú að þessi sambönd falla ekki fullkomlega að ríkjandi hugmyndum um rómantíska ást sem hefur, þar til nýlega, verið fyrst og fremst notað yfir tilfinningasambönd karls og konu. Sagnfræðingurinn Julian Carter leggur einmitt áherslu á að sú ást sem konur báru hvor til annarrar í fortíðinni sé nútímafólki bæði kunnugleg og framandi og því þurfi fjölbreyttari orðaforða til að lýsa þessum tilfinningum.<sup>8</sup>

Í þessari grein verður fetað í fótspor sænska sagnfræðingsins Evu Borg-

<sup>5</sup> Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist, „Om kärlek, kamratskap och kamp“, *Den kvinnliga tvåsambetens frivrum. Kvinnopar i kvinnorörelsen 1890–1960*, ritstjórar Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist, Stokkhólmur: Appell Förlag, 2018, bls. 7–31, hér bls. 13.

<sup>6</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 69–73.

<sup>7</sup> Martha Vicinus, „Distance and Desire. English Boarding-School Friendships“, *Signs* 9: 4/1984, bls. 600–622; Carol Smith-Rosenberg, *Disorderly Conduct. Visions of Gender in Victorian America*, New York: Oxford University Press, 1985, bls. 245–296; Sally E. Newman, „Thomas, M. Carey (1857–1935)“, *Lesbian Histories and Cultures. An Encyclopedia* 1, ritstjóri Bonnie Zimmermann, New York og London: Garland Publishing, 2000, bls. 769–770.

<sup>8</sup> Julian Carter, „On Mother-Love. History, Queer Theory and Nonlesbian Identity“, *Journal of the History of Sexuality* 14: 1–2/2005, bls. 107–138, hér bls. 108, 116.

ström sem hefur sýnt fram á að kvennahreyfingin á Norðurlöndum var „félagslegt rými þar sem konur gátu mótað nýjar hugmyndir um kvenleika og nýjar leiðir til að lifa og elska og að vera kona“.<sup>9</sup> Hér verður kvennahreyfingin á Íslandi skoðuð með sérstakri áherslu á Kvennaskólann í Reykjavík í því augnamiði að varpa ljósi á samtvinnun samkynja ásta og fyrstu bylgju femínisma á Íslandi, líkt og átti sér stað í Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig hvernig eins konar andófsrými myndaðist bæði á starfsvettvangi kennara, en kennarastarfið var ein helsta leið ógiftra kvenna til að sjá sér farborða, og í Kvennaskólanum, sem gerði það óumflýjanlega að verkum að sumar konur beindu ástaraugum sínum fyrst og fremst að öðrum konum.

Í upphafi greinarinnar er Ingibjörg H. Bjarnason kynnt til sögunnar og skoðuð varðveitt bréf úr safni hennar frá Ágústu Ólafsson og Ingibjörgu Guðbrandsdóttir í samfélagslegu samhengi Kvennaskólans í Reykjavík og menntunar kvenna almennt. Því næst er rýnt í þá merkingu sem hægt er að leggja í ástarjátningar þeirra stallsystra og þau hugtök sem stóðu konum til boða þegar þær skilgreindu ást sína á öðrum konum. Litið verður til erlendra rannsókna sem hafa sýnt að tilfinningaorðaforði kvenlegra, borgaralegra millistéttarkvenna innihélt hvorki hugtök á borð við „gagnkynhneigð“, sem átti bara við um ást milli karls og konu, né „samkynhneigð“, sem var hugtak læknisfræðinnar fyrir konur sem þóttu karlmannlegar eða brjóta á annan hátt í bága við kvenlega kyntjáningu og kynhlutverk. Þá verður sjónum beint að kvennahreyfingunni og kvennaskólum en andófsrými þeirra bauð því einnig upp á nýjar leiðir, utan gagnkynhneigðarhyggjunnar, til að hugsa um og endurskilgreina það sem við í dag köllum rómantíska ást. Loks eru dregnar fram rannsóknir sem sýna að kvennaskólar og kvennhreyfingin gegndu mikilvægu hlutverki í að móta hinseginleika kvenna í Evrópu og Norður-Ameríku um aldamótin 1900 og spurt er hvort því hafi verið eins farið á Íslandi.

### *Kvennaskólinn í Reykjavík og Ingibjörg H. Bjarnason*

Áður en lengra er haldið er rétt að staldra við í Kvennaskólanum í Reykjavík þar sem hann leikur mikilvægt hlutverk í lífi þeirra þriggja kvenna sem koma við sögu í þessari grein. Ingibjörg H. Bjarnason, Ingibjörg Guðbrandsdóttir og Ágústa Ágústsdóttir Ólafsson eru um margt ólíkar konur en áttu það sameiginlegt að hafa aðgang að menntun án þess að tilheyra efstu sam-

<sup>9</sup> Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist, „Om kärlek, kamratskap och kamp“, bls. 21.

félagslögunum sem hefði gert þeim kleift að lifa á framfæri skyldmenna. Þær þurftu því að verða sér úti um launavinnu á grundvelli menntunar sem þær sóttu til Kvennaskólans í Reykjavík. Undir lok 19. aldar menntaði skólinn stúlkur í hefðbundnum bóklegum greinum eins og skrift, reikningi, dönsku, réttitun, sögu og landafræði. Hannyrðir tóku þó einnig ríflegt pláss í námskránni, eða um tvo þriðju af öllum kennslustundum, og lærðu nemendur að prjóna, hekla, sauma, baldera, skattera og bródera, svo dæmi séu nefnd. Þá voru „kvenlegar borgaralegar dyggðir“, eins og Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur orðar það, á borð við söng og teikningu einnig kenndar við skólann.<sup>10</sup>

Kvennaskólinn í Reykjavík var á framhaldsstigi og stúlkur þurftu að hafa lokið tilhlýðilegri grunnmenntun til að hljóta skólavist.<sup>11</sup> Flestir nemendur voru við nám í eitt til tvö ár fram undir aldamótin 1900, en þá voru fjórir bekkir í skólanum sem bauð upp á nám svipað því og tíðkaðist í gagnfræðaskólum sem voru undirbúningur fyrir menntaskólanám.<sup>12</sup> Lærði skólinn í Reykjavík (Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík frá 1904) gat einn brautskráð nemendur með stúdentspróf sem veitti aðgang að háskólanámi. Þó var ekki óalgengt að Kvennskólástúlkur sæktu sér frekari menntunar að námi loknu. Bæði Ingibjörg H. Bjarnason og nafna hennar Guðbrandsdóttir sigldu utan til Kaupmannahafnar í íþróttakennaranám. Aðrar fóru beint í kennslu, eins og Ágústa sem kenndi fyrst einn vetur við Kvennaskólann í Reykjavík og síðan í Stykkishólmi. Fleiri kvennaskólar voru starfræktir á Íslandi á síðustu áratugum 19. aldar, til dæmis Kvennaskólinn á Laugalandi í Eyjafirði, Kvennaskóli Skagfirðinga og Kvennaskóli Húnvetninga. Þar var lögð meiri áhersla á starfsmenntun en í Reykjavík, enda markmiðið að mennta húsmæður sem gætu stýrt sveitabúi af kostgæfni.<sup>13</sup>

<sup>10</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur: Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofa í kvenna og kynjafræðum, 2011, bls. 153.

<sup>11</sup> Þegar skólinn var stofnaður árið 1874 var talað um að skólinn væri fyrir „konfirmeraðar“ stúlkur en þá voru börn prófuð í lestri, trúarlegri kristinni þekkingu og siðaboðskap við fermingu. Árið 1880 voru síðan sett lög sem kváðu á um fræðslu í skrift og reikningi sem ýtti undir stofnun barnaskóla, bæði stað- og farskóla. Heimildir: Loftur Guttormsson, „Þjóðfélagsbreytingar og menntamál“, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*, 1. bindi, ritstjóri Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 38–53, hér bls. 48; Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 149.

<sup>12</sup> Loftur Guttormsson, „Sjálfsprottinir skólar“, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*, 1. bindi, ritstjóri Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 56–71, hér bls. 66.

<sup>13</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 154–170.

Ingibjörg H. Bjarnason leikur stórt hlutverk í sögu Kvennaskólans í Reykjavík. Hún fæddist árið 1868 á Þingeyri við Dýrafjörð inn í fjölskyldu presta, prófasta og útgerðarmanna. Árið 1881 hóf Ingibjörg nám við Kvennaskólann í Reykjavík og nam síðan „ýmsar kvenlegar listir“ auk ensku og dönsku hjá Þóru Pétursdóttur sem stundaði einkakennslu í Reykjavík. Árið 1884 fór Ingibjörg til náms í Kaupmannahöfn og dvaldi þar meira eða minna, meðal annars við leikfiminám, fram til 1893 þegar hún sneri aftur til Reykjavíkur og hóf störf við kennslu. Hún kenndi leikfimi, útsaum, teikningu, dans, heilsufræði og dönsku við Kvennaskólann í Reykjavík. Á árunum 1901–1903 bjó Ingibjörg í Þýskalandi og Sviss þar sem hún kynnti sér kennslumál en settist svo fyrir fullt og allt að í Reykjavík. Árið 1906 var hún skipuð skólastýra Kvennaskólans í Reykjavík og gegndi því starfi meðfram kennslu og Alþingisstörfum allt fram til 1941.<sup>14</sup> Hún tók, fyrst kvenna, sæti á Alþingi árið 1923 fyrir Kvennalistann eldri og sat síðan á þingi fram til 1930 fyrir Íhaldsflokkinn og loks Sjálfstæðisflokkinn.

Í dag er Ingibjargar H. Bjarnason fyrst og fremst minnst fyrir framlag hennar til kvennabaráttunnar á fyrstu áratugum 20. aldar, enda beitti hún sér fyrir ýmsum réttindamálum kvenna á meðan hún sat á þingi. Goðsögnin um hina frómu konu sem helgaði líf sitt störfum í þágu íslensku þjóðarinnar er því handhæg til að búa til flekklausu ímynd af konu sem þó fór óhefðbundnar leiðir í lífi sínu, til dæmis með því að kjósa starfsferil fram yfir hjónaband. Bréfin frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur og Ágústu Ólafsson gefa þó jafnframt til kynna að henni hafi staðið ýmsir möguleikar til boða í einkalífni.

Það er ekki ýkja algengt að finna bréf sem innihalda orð sem tjá, að því er virðist, ótvíræða ótvíræða hinsegin ást eða kynferðislega þrá miðað við nútímaskilning á þeim fyrirbærum. Enda er viðurkennt meðal fræðimanna á sviði sögu kynverundar að sú merking sem lögð er í ást og erótík sé breytileg eftir samfélögum og tímabilum eins og fjallað verður um síðar í þessari grein. Í varðveittum skjölum Ingibjargar H. Bjarnason á Kvennasögusafni Íslands er að finna margvísleg gögn frá ferli hennar sem kennari, skólastjóri og alþingismaður. Þar er einnig fjöldi persónulegra bréfa, meðal annars frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur og Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson sem vekja athygli vegna þess að þær segja mjög opinskátt frá tilfinningum sínum í hennar garð. Einkaskjalasöfn Ágústu og Ingibjargar Guðbrandsdóttur eru því miður ekki aðgengileg á opinberum söfnum og alls óvíst hvort eitthvað

<sup>14</sup> Sama heimild, bls. 154; Sigríður Briem Thorsteinsson, „Ingibjörg H. Bjarnason“, bls. 208–210.

af þeirra persónulegu gögnum hafi varðveist. Við fáum því afar takmarkaða innsýn inn í viðbrögð Ingibjargar við aðdáun ungu kvennanna tveggja og vitum lítið um hvort Ingibjörg endurgalt tilfinningar þeirra eða ekki. Bréfin veita samt sem áður áhugaverða innsýn inni í hinsegin ástir kennslukvenna um aldamótin 1900.

### *Yður dygg til dauðans: Ingibjörg Guðbrandsdóttir*

Pegar Ingibjörg H. Bjarnason hóf störf sem leikfímikennari við Kvennaskólann í Reykjavík steig önnur Ingibjörg sín fyrstu skref inn fyrir dyr skólans. Það var hin 15 ára gamla sjómansdóttir Ingibjörg Guðbrandsdóttir sem stundaði þar nám í tvö ár. Að kvennaskólanámi loknu dvaldi hún ýmist í Reykjavík eða á landsbyggðinni. Veturinn 1901–1902 sinnti hún kennslu við Barnaskóla Reykjavíkur en þá kom nafna hennar H. Bjarnason því til leiðar að hún dvaldi veturlangt við leikfímikennaranám í Statens Lærerhøjskole í Kaupmannahöfn. Í kjölfarið sinnti hún leikfími- og sundkennslu barna og fullorðinna um áratuga skeið, eða þar til hún lést árið 1928.

Það kom snemma í ljós að Ingibjörg Guðbrandsdóttir var litríkur persónuleiki. Hún tók upp nafnið Ingibjörg Brands og ferðaðist um á hjóli sem var eins konar tákmynd um frelsi meðal borgaralegra kvenna á meginlandi Evrópu á sama tíma og slíkur fararmáti var nokkuð óalgengur í Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar. Ingibjörg gerðist einn af stofnmeðlimum Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 og tók virkan þátt í starfi þess á fyrstu árunum. Hún var kona með „nýjan lífsstíl“, samkvæmt Sigríði Erlendsdóttur sagnfræðingi, það er að segja, kona sem hlaut starfsmenntun erlendis og starfaði á grundvelli menntunar sinnar í kjölfarið.<sup>15</sup>

Ingibjörg eyddi fullorðinsárum sínum í nánú samneyti við aðrar konur. Hún var til að mynda löngum í sambúð með þeim Elínu Matthíasdóttur söngkonu og Sigríði Björnsdóttur myndistarkonu.<sup>16</sup> Bréfin sem Ingibjörg Brands skrifaði nöfnu sinni H. Bjarnason bera þess einnig vitni að hún vonaðist til að þær myndu taka upp sambúð en það virðist ekki hafa gengið eftir. Önnur bréf í skjalasafni Ingibjargar H. Bjarnason benda þó til þess að

<sup>15</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 70–72, 163.

<sup>16</sup> Fjölmargar heimildir um sambúð Elínar og Ingibjargar er að finna í bréfasafni Sigríðar Björnsdóttur: *Borgarskjalasafni Reykjavíkur (BSR)*. Einkaskjalasafn nr. 11. Sigríður Björnsdóttir. Askja 1 og 2. Sjá um sambúð Ingibjargar með Elínu og Sigríði: *Þejarskrá Reykjavíkur 1912*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, [1912], bls. 106–107; *Þejarskrá Reykjavíkur 1917*, Reykjavík: Ísafold, 1917, bls. 55; *Þejarskrá Reykjavíkur 1920*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1920, bls. 56.

þær hafi verið mjög nánar, að minnsta kosti um stund, en þar má lesa kveðjur til „Imbu“ eða „Frk. Guðbrandsson“ frá ýmsum bréfiturum en jafnframt biður Steini nokkur „ykkur Imbu bóna“.<sup>17</sup>

Ritstill Ingibjargar Brands einkennist af afar beinskeyttu orðalagi, sem sést einnig í bréfum hennar til Sigríðar Björnsdóttur vinkonu sinnar, en þar ritar hún í eitt sinn: „Ja sælir nú svikahrappur!!! Þú skrifar mjer ekki eina línu með síðustu ferðum ...“<sup>18</sup> Bréfin til Ingibjargar H. Bjarnason eru hófstiltari, sérstaklega fyrst um sinn en einkennast síðan af síaukinni tvíráðni.

Átján orðsendingar frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur eru varðveittar í einkaskjalasafni Ingibjargar H. Bjarnason á Kvennasögusafni Íslands. Þar af eru níu mislöng bréf og önnur níu tækifæriskort með stuttum kveðjum. Þar er jafnframt að finna eitt jólakort frá Ingibjörgu Bjarnason sem hún hefur ritað en ekki sent þar sem hún óskar einfaldlega gleðilegra jóla og nýs árs.<sup>19</sup>

Elsta varðveitta sendingin frá Ingibjörgu Brands er afmælskort frá 14. desember 1896 en þar stendur einungis: „til fröken Ingibjargar Bjarnason frá Imbu Brands“.<sup>20</sup> Þá er einnig varðveitt stutt orðsending frá 22. apríl 1897 en þar skrifar hin 19 ára gamla Ingibjörg Brands: „Jeg óska yður gleðilegt [sic] sumar og þakka hjartanlega fyrir veturinn kæra fröken Bjarnason. frá Imbu Brands.“<sup>21</sup> Sumarið 1898 sendir Ingibjörg Brands bréf þar sem hún ávarpar nöfnu sína „Kæra fröken Bjarnason!“ og segir henni fréttir af sumardvöl á Hvítárósi. Bréfinu lýkur hún síðan með þessum orðum: „tel jeg dagana þángað til jeg fæ að sjá yðar fögru ásjónu. Jeg hætti nú og bið yður að fyrirg[efu] og brenna blaðið góða mín!“<sup>22</sup> Það er óljóst hvers vegna Ingibjörg Bjarnason á að brenna bréfið en það gæti tengst því að Ingibjörg

<sup>17</sup> Sjá til dæmis *Kvennasögusafn Íslands (KSS)* 2018/17. Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941). Askja 1. Bréf frá Ágústi H. Bjarnasyni til Ingibjargar H. Bjarnason 1. október 1899 og 8. desember 1899; Askja 3. Bréf frá „Steina Thork“ til Ingibjargar H. Bjarnason 25. apríl 1904. *Kvennasögusafn Íslands (KSS)* 13. Ingibjörg H. Bjarnason (1867–1941). Askja 2. Bréf frá Caroline Sörensen til Ingibjargar H. Bjarnason 27. nóvember 1903.

<sup>18</sup> *BSR Einkaskjalasafn nr. 11*. Askja 1. Bréf Ingibjargar Guðbrandsdóttur til Sigríðar Björnsdóttur 31. apríl 1906.

<sup>19</sup> *KSS* 2018/17. Askja 3. Ódagsett tækifæriskort frá Ingibjörgu H. Bjarnason til Ingibjargar Guðbrandsdóttur.

<sup>20</sup> *KSS* 13. Askja 3. Tækifæriskort frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 14. desember 1896.

<sup>21</sup> *KSS* 2018/17. Askja 3. Tækifæriskort frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 22. apríl 1897.

<sup>22</sup> *KSS* 2018/17. Askja 3. Bréf Ingibjargar Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 14. ágúst 1898.



Brands þykir ásjóna nöfnu sinnar svo fögur að hún hefur undirstrikað orðið þrisvar sinnum.

Með árunum verða bréf Ingibjargar Brands sífellt hispurslausari. Undirstrikunum og upphrópunarmerkjum fjölgar og orðfærið verður ástúðlegra. Í árslok 1899 kveður hún nöfnu sína með orðunum: „yður trygg til dauðans, yðar Imba Brands“.<sup>23</sup> Við áramótin 1901 sendir hún enn fremur kort þar sem á stendur. „Góða fröken Bjarnason. Af alhuga óska jeg yður gleðilega og farsæla nyja [sic] „öld“ með ástkæra þökk fyrir þá liðnu. til dauðans, yður einlæg. Imba B.“<sup>24</sup> Hér ritar hún orðið „ástkæra“ með áberandi stóru lettri en þérar jafnframt nöfnu sína sem gefur til kynna að fjarlægð hafi ríkt milli þeirra.

Upp frá því skrifar hún ýmislegt undir rós sem gefur til kynna að hún beri ástarhug til Ingibjargar H. Bjarnason. Árið 1902 er hin síðarnefnda stödd á Ítalíu og þá ritar Ingibjörg Brands henni nokkrar línur, meðal annars þessar:

[Jeg] sit hjer og skrifa minni kæru vinu og skoða krók og kríng, það sem á eftir að hafa þá æru, já og hefur haft þá æru að vera í hennar sæta munni, nefnilega tvær tennur, sem jeg nú sendi á augnabragði bliki en jeg sleppi þeim ekki nema með því móti að jeg fái 100 kossa fyrir ómakið, það má hreint ekki minna vera helst 150. Viltu ganga að þessu eða ekki???

Svo kveður Ingibjörg Brands nöfnu sína á svipuðum nótum:

Vertu margblessuð elskan mín góð og guð gefi þjer mörg gleðileg nýár, já og helst ástrík, því algjör gleði getur það ekki verið nema að maður elski einhvern og offri sjer fyrir ekki satt? en svo verður viðkomandi helst að sína það sama á móti. Svo þakka jeg þjer mörgum sinnum fyrir þinn góða kunningskab og seinna vinskab sem þú hefur mjer auðsint, en jeg borga líka í sömu mynt, það erað segja þjer, því jeg er þín einlæg elskandi vina. Imba Brands<sup>26</sup>

<sup>23</sup> KSS 2018/17. Askja 3. Tækifæriskort frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 14. desember 1899.

<sup>24</sup> KSS 2018/17. Askja 3. Tækifæriskort frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason áramótin 1901.

<sup>25</sup> KSS 13. Askja 1. Bréf Ingibjargar Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 29. desember 1902.

<sup>26</sup> Sama heimild.

Hér hefur bersýnilega dregið úr þeirri tilfinningalegu fjarlægð sem einkenndi eldri bréf. Nöfnurnar eru orðnar dús og bréfin einkennast af elskulegum orðum og kveðjum sem við myndum í dag túlka sem daður eða ástarhót. Árið 1903 sendir Ingibjörg Brands nöfnu sinni „heillaóskir“ og „kærleikskossa“ í bréfi en opinskáasta varðveitta orðsendingin var rituð í Reykjavík 25. september 1904. Hún er þá greinilega að vonast eftir fréttum frá Ingibjörgu H. Bjarnason eða jafnvel að sjá hana stíga frá borði úr einu strandferðaskipanna. Sú síðarnefnda var þá búsett sumarlangt í Stykkishólmi við að sinna heimili bróður síns, Lárusar H. Bjarnasonar.<sup>27</sup> Ingibjörg Brands skrifar:

Nú flit jeg í næstu viku til frú Gíslason sem hefur leigt mjer herbergi í vetur, jeg afreði ekki að gjöra það, fyr en eftir að Skálholt kom ef að þú vildir hafa mig hjá þjer, en svo þegar hvorki þú nje brjef kom þá gat jeg ekki beðið lengur, og festi verelsið, hjá frú Gíslason. Þjer finst þetta nú kannski eins og nokkurskonar afsökun sem ekki þirti við, þar sem þú oft varst búin að segja vina mín, að þú vildir ekki fyrir nokkra muni búa með mjer, jeg mundi það auðvitað, og þykir sárt. en hvað um það, það sem verður að vera viljugur skal hver bera. jeg kenni mjer það að mestu leiti, en nú ætla jeg ekki úti þessa sálma meir, að eins læt ég þig vita það, að það mun aldrei geta komið sú breiting á tilfinningu mína gagnvart þjer, að jeg ekki altaf elski þig mest af öllum, [tvíundirstrikað], og þessvegna vil jeg ekki viljandi pláa þig. Jeg get mikið betur látið tilfinningar mínar í ljósi skriflega til þín, en munnlega, jeg veit ekki hvernig á því stendur.<sup>28</sup>

Bréfinu lýkur hún síðan með orðunum: „Sjálfa þig kveð jeg svo vel í huganum að jeg á engin orð yfir þau Vertu sæl! Þín elskandi vina I. Brands“.<sup>29</sup> Kveðjuorðin mætti lesa sem svo að hún hafi átt erfitt með að nota þann orðaforða sem til var yfir ástir karla og kvenna yfir tilfinningar sínar til nöfnu sinnar. Það væri þá í samræmi við rannsóknir Julian Carter og Lillian Faderman sem hafa einmitt vakið athygli á því að hugmyndir kvenna um ástir sínar á öðrum konum um og fyrir aldamótin 1900 skarast við annars konar tilfinningar og nán sambönd, eins og vináttuna og móðurástina, en nánar verður fjallað það um síðar í þessari grein.

<sup>27</sup> Sigríður Briem Thorsteinsson, „Ingibjörg H. Bjarnason“, bls. 208.

<sup>28</sup> KSS 2018/17. Askja 3. Bréf Ingibjargar Guðbrandsdóttur til Ingibjargar H. Bjarnason 25. september 1904.

<sup>29</sup> Sama heimild.

Að öðru leyti er bréf Ingibjargar Brands til nöfnu sinnar áhugavert vegna þess að þar biður hún að heilsa „Gústu“ en þar á hún við Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson var einmitt búsett á Stykkishólmi með hléum frá 1896 til 1926.

*Af hvarmi tárið hnígur leynt: Ágústa Ágústsdóttir Ólafsson*

Kaupmannsdóttirin Ágústa Ólafía Ágústsdóttir Ólafsson fæddist 13. maí 1877 í Reykjavík. Hún stundaði nám við Kvennaskólann í Reykjavík á tímabilinu 1891–1894. Þegar hún hafði lokið námi dvaldi hún áfram við Kvennaskólann í einn vetur sem skrifar- og stærðfræðikennari.<sup>30</sup> Hún var því tvo vetur samtíða Ingibjörgu H. Bjarnason við skólann, hið fyrra sem nemandi og hið síðara sem kennari. Árið 1896 fluttist Ágústa til Stykkishólms og starfaði þar sem skólastjóri til ársins 1905, fyrir utan veturinn 1900–1901 þegar hún kenndi við Kvennaskólann í Reykjavík. Hún sinni að því loknu kennslu og skrifstofustörfum í Stykkishólmi allt til ársins 1926 og bjó síðan í Reykjavík þar til hún lést árið 1959.

Bréf og orðsendingar Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason eru rituð á árunum 1894–1904 og vitna þau um hvernig tilfinningar Ágústu í garð Ingibjargar þróast. Fjórtán bréf og lengri orðsendingar frá Ágústu auk níu tækifæriskorta eru varðveitt í einkaskjalasafni Ingibjargar.<sup>31</sup> Elstu orðsendingarnar er skrifaðar veturinn 1894–1895 þegar Ágústa var 17 eða 18 ára gömul og kenndi í fyrsta sinn við skólann. Hún skrifar á ódagsettan bréfmíða:

Elskaða fröken!

Má jeg biðja yður að gjöra svo vel að hafa M. og Jægergang í leikfímistíma í dag. – Frú Th. Melsteð heldur ákaflega mikið upp á þær æfingar er söngur tilheyrir.

– Fyrirgefíð –

Allt líf yðar verði rósum stráð gæfubraut

Ágústa<sup>32</sup>

<sup>30</sup> Aðalsteinn Eiríksson, „Skólanefnda- og kennaratal“, *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1974, bls. 288–293, hér bls. 289; Björg Einarsdóttir, „Nemendaskrá“, *Kvennaskólinn í Reykjavík 1874–1974*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1974, bls. 294–333, hér bls. 294.

<sup>31</sup> Þar er að finna fleiri orðsendingar sem gætu verið frá Ágústu en erfitt er að segja til um það með vissu án ítarlegs rithandarsamanburðar.

<sup>32</sup> Bréfið gæti einnig hafa verið skrifað á meðan Ágústa var á lokaári sínu við skólann, veturinn 1893–1894. KSS 13. Askja 1. Bréfmíði frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til

Ingibjörg, sem er tíu árum eldri en Ágústa, er þarna að stíga sín fyrstu skref sem leikfímikennari við Kvennaskólann. Honum var þá stýrt af Þóru Melsted sem þá var 70 ára gömul en greinilega í fullu fjöri. Það má greina ákveðna fjarlægð og virðingu í tón orðsendingarinnar, sem helgast þó væntanlega einnig af því að Ágústa er að ganga erinda skólastjóra Kvennaskólans.

Á aðfangadag árið 1894 biður Ágústa „Elskulegu fröken Bjarnason ... að gjöra svo vel og þiggja af mjer þá lítilfjör[egu] sendingu, sem fylgir þessu blaði.“<sup>33</sup> En í bréfum, sem rituð eru árið 1896, þegar Ágústa er 18 og 19 ára, má greina mun innilegri tón. Hún kallar Ingibjörgu „yndige Afróðíta“ í stuttri orðsendingu frá 20. janúar 1896 og líkir henni þannig við gyðju ástar og frjósemi í grískri goðafræði.<sup>34</sup> Síðar það ár er Ágústa orðin langþreytt á að biða eftir fregnum frá Ingibjörgu en þegar henni berst loks bréf í september gleðst hún sem aldrei fyrr, líkt og hún segir sjálf: „Því ef maður ann af hjarta einhverju – og það er ímyndað eður verulega tapað – þegar það svo er fundið aptur er það sem manni finnist það mörgum sinnum dýrmætara en áður.“<sup>35</sup> Í framhaldinu lýsir hún þeirri merkingu sem bréfið hefur fyrir hana á afar innilegan, allt að munúðarfullan hátt í hugum nútímalesenda:

Brjefið frá þjer er jeg þegar búin að lesa ótal opt – Brjefið sem þú hefur stutt fingrum þínum á, og sett hugsanir þínar fram á og horft á –

Því skyldi það ekki vera fyrir mig sem helgidómur? Jú, ég elska hönd þína, elska hvern staf, er hún skrifar.

Hjartkæra, elskaða Ingibjörg. Jeg er aðeins hismi og mold. – en jeg vildi líða fyrir þig – ef þess væri kostur gleddist jeg.

Þú ert leiðarstjarnan mín og þinna vegna skal jeg einhverntíma komast áfram.<sup>36</sup>

Það hefur lengi vafist fyrir fræðimönnum samtímans hvernig á að túlka bréf sem þessi. Fólk tjáði tilfinningar sínar á innilegri og opinskárra hátt um aldamótin 1900 en það gerir í dag. Það var viðurkennt og þótti jafnvel eftirsókn-

---

Ingbjargar H. Bjarnason án dagsetningar.

<sup>33</sup> KSS 13. Askja 3. Bréfspjald frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 20. janúar 1894.

<sup>34</sup> KSS 13. Askja 3. Bréfspjald frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 20. janúar 1896.

<sup>35</sup> KSS 2018/17. Askja 2. Bréf frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 18. september 1896.

<sup>36</sup> Sama heimild.

arvert að ógiftar konur beindu tilfinningum sínum fyrst og fremst að öðrum konum, sem einhvers konar varúðarráðstöfun gegn kynlífi með körlum utan hjónabands og meðfylgjandi hættu á þungunum.<sup>37</sup> Það er því oft á reiki hvort túlka megi orð sem vott um rómantíska ást eða vináttu, enda ekki að undra í ljósi þess að fyrirbærin tvö sköruðust mjög í tilfinningalífi og samböndum ungra kvenna um aldamótin 1900. En munúðarfullur tónn bréfsins, þar sem Ágústu leggur áherslu á hvernig Ingibjörg hefur snert bréfið sem hún er með í höndum, bendir til þess að tilfinningar Ágústu í garð Ingibjargar ein-kennast alls ekki síður af rómantískri ást, jafnvel kynferðislegri löngun, en vináttu. Enda helst sú áhersla í bréfum Ágústu til Ingibjargar í nokkur ár.

Eitt skýrasta dæmið má finna ritað á lítinn bréfmíða sem dagsettur er 21. október 1900, þegar Ágústa og Ingibjörg kenna báðar við Kvinnaskólann í Reykjavík. Orðsendingin hefst á þennan veg: „Ég er alveg í öðrum heimi Ó, dýrmæta elskaða sál! Guð almáttugur hvað þú varst tignarleg áðan. Því fæ ég ekki að sjá þig lengur?“<sup>38</sup> Þvínæst vísar Ágústa í danska ljóðið *Lette bølge* og tekur nokkrar línur úr sænska ástarljóðinu *Nära*. Í þessum ljóðum segir ljóðmælandi frá því hvernig hagur hans breyttist þegar hann sá viðfang ástar sinnar, sem hann ávarpar í annarri persónu. Hann sé hugfanginn, sjái og heyri bara „þig“. Hjarta ljóðmælandans andvarpi og slái órólega. Orðsendingunni lýkur Ágústa síðan með þessum orðum:

Jú það slær órótt ... hjartað mitt.

Ó! Inga! Inga! hjartfólgin! ég má til í kvöld að stela einum ljúfum koss – myndirnar þínar, hvað þær eru nú dýrmætar.

Ástríka hjartfóligna sál!

Guð verndi þig allar allar stundir.<sup>39</sup>

Í bréfi sem Ágústa skrifar ári síðar kveður við svipaðan tón. Þar skrifar hún:

Ég má til að segja þér að ég hugsaði ósköp mikið til þín þennan dag, það er þó ekki neitt nýtt, ég segi það satt, að það er oft svo, að af hvarmi tárið hnígur leynt, svo heit er löngun mín, svo sárt þrái ég þig mín margþráða hjartans vina og hugsunin verður stundum að þungu andvarpi. ... Í hvert sinn, sem ég kem heim rík ég að myndinni af þér, skoða hana, og þú yrðir reið við mig ef þú vissir

<sup>37</sup> Lillian Faderman, *Surpassing the Love of Men. Romantic Friendship and Love Between Women from the Renaissance to the Present*, London: Junction Books, 1981, bls. 15–20.

<sup>38</sup> KSS 2018/17. Askja 2. Bréfspjald frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 21. október 1900.

<sup>39</sup> Sama heimild.

hve oft ég stel þá koss ...<sup>40</sup>

Hún vitnar áfram í norræn ástarljóð og í þetta sinn blandar saman tveimur sonnettum úr safni sem gefið var út í Kaupmannahöfn árið 1897 til að tjá hvernig Ingibjörg hafi vakið hana til lífsins en bréfinu lýkur hún síðan með þessum orðum: „Mér fannst sem þetta væri gripið úr huga mínum. Jeg hafði sannarlega ekki hugmynd um lífið fyr en ég sá þig mín elskaða hjartans vina! (mig dreymdi)“<sup>41</sup>

Við vitum ekkert um viðbrögð Ingibjargar H. Bjarnason, hvorki við ástarjátningum Ágústu né daðri Ingibjargar Brands. Bréf úr fórum hinna tveggja síðarnefndu eru ekki varðveitt og við höfum því aðeins aðgang að áðurnefndu jólakorti til Ingibjargar Brands og einu bréfi sem Ingibjörg Bjarnason skrifaði til Ágústu í október árið 1895 en virðist svo ekki hafa sent því það er varðveitt í skjalasafni hennar sjálfrar. Það er erfitt að greina hvers konar tilfinningar hún bar í garð Ágústu þótt augljóslega hafi henni þótt vænt um hana eins og lesa má út úr eftirfarandi orðum:

Jeg vildi óska að þjer hefðuð verið hjer í vetur, og allra helst getað búið hjá mjer. Ætli við eigum aldrei eptir að vera saman, mjer hefur opt dottið það í hug og jeg held nærri því að við eigum það eptir, en hvar veit ég ekki. Í huganum byggir maður svo margu „loptkastala“ þar sem manni finnst gott að vera, en það verður opt lítið úr þeim, þegar þeir koma niður á jörðina.<sup>42</sup>

Í bréfinu kemur þó einnig fram að Ingibjörg hafði fengið fjögur sendibréf frá Ágústu áður en hún settist niður til að rita hina varðveittu orðsendingu, sem þó aldrei var send, sem bendir til þess að tilfinningar Ingibjargar í garð Ágústu hafi ekki verið ýkja heitar. Í bréfinu kemur einnig fram að Ágústa óttast um að eitthvað sem hún skrifar Ingibjörgu hafi spurst út, en Ingibjörg fullvissar hana um að hún geymi bréf sín á góðum stað þar sem enginn annar kemst í þau.<sup>43</sup> Það mætti túlka sem svo að Ágústa hafi sent henni talsvert af bréfum sem innihéldu viðkvæmar upplýsingar sem ekki máttu spyrjast út, fleiri en eru varðveitt í skjalasafni Ingibjargar. Ef til vill er hér komin hluti

<sup>40</sup> KSS 13. Askja 1. Bréf frá Ágústu Ágústsdóttir Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 22. október 1901.

<sup>41</sup> Sama heimild.

<sup>42</sup> KSS 2018/17. Askja 2. Bréf frá Ingibjörgu H. Bjarnason til Ágústu Ágústsdóttir Ólafsson 21. október 1895.

<sup>43</sup> Sama heimild.

af bréfunum sem talið er að hafi verið eytt úr einkaskjalasafni Ingibjargar í aðdraganda ritunar á sögu Kvennaskólans í Reykjavík frá 1974.

Bréfin frá Ingibjörgu og Ágústu eru mjög áhugaverð, ekki síst fyrir þær sakir hversu beinskeytt þær virðast tjá ást sína á Ingibjörgu H. Bjarnason. Þær gera það þó hvor á sinn hátt en talsverður munur er á ritstíl Ingibjargar og Ágústu sem endurspeglast jafnframt í hvernig þær draga til stafs. Rithönd Ágústu er finleg, falleg og eilítið flúruð þegar hún er að vanda sig, nema þegar hún virðist í uppnámi eða að flýta sér, líkt og í orðsendingunni frá 21. október árið 1900 þar sem hún lýsir því hversu „tignarleg“ Ingibjörg var „áðan“. Orðfærið er oft ljóðrænt, stundum upphafið, og hún slær gjarna um sig með tilvísunum í ljóð á erlendum tungumálum sem vitnar um stéttarstöðu hennar sem kaupmannsdóttir og þá menntun sem hún hlaut í krafti stöðu sinnar. Bæði rithönd og tjáningarmáti Ingibjargar Brands er grófari. Það er bersýnilegt að hún hefur eytt færri stundum í að þjálfa upp fallega rithönd, hún er beinskeyttari í orðum og gætir lítils hófs þegar kemur að undirstrikunum og upphrópunarmerkjum þegar hún vill leggja áherslu á orð sín. Pennan mun má vafalaust rekja að einhverju leyti til ólíks stéttaruppruna þeirra Ágústu og Ingibjargar, en Ingibjörg var úr sjómannsfjölskyldu. Þó var orðfæri Ingibjargar langt í frá úr takt við það sem tíðkaðist innan hennar nánasta vinahóps sem innihélt talsvert ættgöfugri konur, á borð við Sigríði Björnsdóttur Jónssonar ritstjóra og Alþingismanns og Elínu Matthíasdóttur Jochumssonar skálds.<sup>44</sup>

Áður en við túlkum orð Ágústu og Ingibjargar sem milliliðalausan vitnisburð um rómantíska ást og kynferðislegar langanir er vert að staldra við og íhuga hvaða merkingu Ingibjörg Brands og Ágústa Ólafsson lögðu í sín orð og þær tilfinningar sem þau tjá. Málið er nefnilega ekki eins einfalt og það virðist vera.

### *Rómantísk ást, kynhverfa og lesbísk sjálfsmynd*

Ástin hefur á síðustu áratugum orðið viðfangsefni ólíkra fræðigreina, allt frá líffræði til sagnfræði og kynjafræði. Sarah Pinto bendir á að það ríkir ekki eining um hvort rómantísk ást sé almenn og algild tilfinning sem allir upplifi á sama hátt, óháð því samfélagi sem fólk býr í. Hún segir að það hafi verið ákveðin tilhneiging til að líta svo á að þau líkamlegu einkenni sem við tengjum við ástartilfinningu hafi verið túlkuð á svipaðan hátt á öllum

<sup>44</sup> BSR Einkaskjalasafn nr. 11. Askja 1 og 2. Sigríður Björnsdóttir. Bréf frá Elínu Matthíasdóttur og Ingibjörgu Guðbrandsdóttir.

tímum og í öllum samfélögum. Sú skoðun verði þó sífellt algengari að ólík samfélög hafi lagt mismunandi menningarlega merkingu í þessi líkamlegu viðbrögð.<sup>45</sup> Sagnfræðingar á borð við William Reddy hafa ennfremur leitt í ljós að rómantísk ást er upprunlega vestrænt fyrirbæri sem rekja megi aftur til ástarljóða franskra trúbadúra á 12. öld sem lýstu einkennum svokallaðrar hirðástar (e. *courtly love*) milli karls og konu.<sup>46</sup> Pinto bendir á að þessar hugmyndir um rómantíska ást hafi gengið í gegnum ýmsar breytingar<sup>47</sup> en gagnkynhneigðarhyggjan sem felst í þessari tegund ástar hefur þó reynst ansi stöðug í gegnum aldirnar. Með því er átt við að rómantísk ást var gagnkynhneigð stofnun og hugtakið átti því fyrst og fremst við tilfinningar sem karl bar í garð konu, eða öfugt. Þessu til stuðnings má nefna rannsóknir Julian Carter og Lillian Faderman sem hafa skoðað sögu tilfinninga í hinsegin ljósi og leitt í ljós að konur hafi veigrað sér við að leita í orðaforða hinnar rómantísku ástar til að lýsa hrifningu sinni af öðrum konum. Aftur á móti hafi þær notað tungutak sem á betur við um vináttu eða móðurást til að sjá tilfinningar sínar.<sup>48</sup>

Sá orðaforði sem konur höfðu aðgang að til að lýsa tilfinningum sínum í garð annarra kvenna fór þó að miklu leyti eftir stéttarstöðu, húðlit og fasi sem helgast af þeim skilningi sem lagður var í samkynhneigð kvenna og á rætur að rekja til læknávisinda við lok 19. aldar. Upp úr miðri öldinni fóru kynfræðingar, sem þá mynduðu nýja fagstétt, að beina sjónum sínum að ástum og kynlífi milli fólks af sama kyni. Fræðimenn á borð við þýska kynfræðinginn Magnus Hirschfeld og enska lækninn Henry Havelock Ellis lögðu áherslu á að slíkar langanir væru að miklu leyti meðfæddar og byggðar á líffræðilegum fjölbreytileika. Þetta voru nýjar hugmyndir sem teft var fram sem svari vísindanna við hefðbundinni sýn á samkynja ástar- og kynferðissambönd sem synd eða sjúkdómi.<sup>49</sup>

Árið 1897 gaf Henry Havelock Ellis út ritið *Sexual Inversion* þar sem hann skilgreindi samnefnt hugtak, sem þýða má sem *kynhverfu* á íslensku. Ellis taldi að kynhverfa væri algeng í mönnum og dýrum og stafaði af líf-

<sup>45</sup> Sarah Pinto, „Researching romantic love“, *Rethinking History* 21: 4/2017, bls. 567–585, hér bls. 575–577.

<sup>46</sup> William M. Reddy, *The Making of Romantic Love. Longing and Sexuality in Europe, South Asia, and Japan, 900–1200 CE*, Chicago: The University of Chicago Press, 2012, bls. 2, 92–104.

<sup>47</sup> Sarah Pinto, „Researching romantic love“, bls. 576.

<sup>48</sup> Lillian Faderman, *Surpassing the Love of Men*, bls. 15–20; Julian Carter, „On Mother-Love“, bls. 108–111, 134.

<sup>49</sup> Jeffrey Weeks, *Making Sexual History*, Cambridge: Polity Press 2000, bls. 24.



fræðilegum ferlum sem yllu því að kynhvöt einstaklingsins hverfðist inn á við, í átt frá „gagnstæðu kyni“.<sup>50</sup> Hann lagði áherslu á að kveða staðalmyndir af samkynhneigðum körlum í kútinn, til dæmis með því að hafna því að samkynhneigðir eða kynhverfir karlar væru kvenlegir, en þvert á móti undirstrikaði hann að samkynhneigðar konur væru oftast en ekki karlmannlegar. Þessi mótsagnakennda afstaða Ellis helgaðist af því að hann taldi reginmun vera á karlmennsku og kvenleika, karlmennskan væri „virk“ en kvenleikinn „óvirkur“. Í hans huga hlutu því hvers konar kynferðislegir sjálfstæðistilburðir kvenna að orsakast af djúpstæðum og eðlislægum karlmannlegum eiginleikum.<sup>51</sup> Kynhverfa Ellis náði nokkurri útbreiðslu upp úr aldamótunum 1900 sem ein helsta leiðin til að skilja samkynhneigð (e. *homosexuality*) sem einnig var nýtt hugtak.<sup>52</sup> Á Íslandi var hugtakið *kynvilla* frekar notað um samkynjaástir karla en það rataði í fyrsta sinn á prent árið 1908. Opinber umfjöllun um samkynja ástir kvenna var engin á þessum tíma svo að flest er á huldu um íslenskan orðaforða um hinseginleika kvenna fram undir miðja 20. öld.<sup>53</sup>

Við þetta bætist að um aldamótin 1900 var lesbísk sjálfsmynd ekki til í þeirri mynd sem við þekkjum hana í dag. Með hugtakinu „lesbísk sjálfsmynd“ er átt við þær hugmyndir um að langanir kvenna í garð kynsystra sinna einkenndu þær sem persónur og gerðu þær að tiltekinni manngerð. Þess konar sjálfsvitund kvenna kom síðar fram á Vesturlöndum en samkynhneigð sjálfsmynd karla, eins og Deborah Cohler bendir á.<sup>54</sup> Laura Doan telur að opinber réttarhöld sem fóru fram árið 1928 vegna bókar Radclyffe Hall, *The Well of Loneliness*, hafi gegnt lykilhlutverki í mótun hinnar nýju sjálfsmyndar. Hún bendir jafnframt á að réttarhöldin mörkuðu skil milli hinnar „nýju konu“, sem lifði sjálfstæðu lífi á grundvelli menntunar sinnar, og hinnar nútímalegu lesbíu.<sup>55</sup> Hún gerir því borgaralegar konur, eins og

<sup>50</sup> Sama heimild, bls. 29–31.

<sup>51</sup> Sama heimild, bls. 31 og 34.

<sup>52</sup> Upphaflega gefið út á þýsku árið 1896 undir titlinum *Das konträre Geschlechtsgefühl*. Henry Havelock Ellis og John Addington Symonds, *Das konträre Geschlechtsgefühl*, Leipzig: Georg H. Wigands Verlag, 1896.

<sup>53</sup> Þorvaldur Kristinsson, „Glæpurinn gegn náttúrlegu eðli. Réttvísín gegn Guðmundi Sigurjónssyni 1924“, *Svo veistu að þú varst ekki hér: Hinsegin sagnfræði og hinsegin saga á Íslandi*, ritstjórar Íris Ellenberger, Ásta Kristín Benediktsdóttir og Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 107–146, hér bls. 133.

<sup>54</sup> Deborah Cohler, „Sapphism and Sedition. Producing Female Homosexuality in Great War Britain“, *Journal of the History of Sexuality* 16: 1/2007, bls. 68–94, hér bls. 69.

<sup>55</sup> Laura Doan, *Fashioning Sapphism. The Origins of the Modern English Lesbian Culture*,

Ingibjargirnar og Ágústu, að forverum „samkynhneigðu konunnar“ sem við þekkjum í dag. Það sem þó var ólíkt með þessum tveimur gerðum af konu var að hin síðarnefnda bar ekki aðeins ástarhug til annarra kvenna, líkt og sumar hinna „nýju kvenna“ gerðu, heldur hafði einnig samkynhneigða eða lesbísku sjálfsmynd.

Því höfðu borgaralegar konur aldamótanna 1900, eins og Ingibjörg Brands og Ágústa Ólafsson, augljóslega ekki lesbísku sjálfsmynd; þess var ekki kostur fyrr en talsvert síðar. Þegar kemur að hugmyndum um hina kynhverfu konu þá hefur Erla Hulda Halldórsdóttir leitt í ljós að ríkjandi hugmyndir um kvenleika gerðu ráð fyrir að konur yrðu ljótar og karlmannlegar af því að mennta sig.<sup>56</sup> Einnig eru til heimildir sem sýna að íþróttamannslegt fas Ingibjargar Brands og nánin vinátta hennar við konur hafi tengt hana við karlmennsku, að minnsta kosti í hugum sumra.<sup>57</sup> Að öðru leyti er fátt sem bendir til þess að gerð hafi verið tenging milli Ingibjargar eða Ágústu og hinnar kynhverfu „karlkonu“ eða kynvillu, hvorki í huga þeirra sjálfra né annarra. Þær tilheyrðu hópi hvíttra efri millistéttarkvenna sem þurfti ekki að sjá fyrir sér með erfiðisvinnu og var einn þeirra hópa sem hugmyndir um kvenleika voru sniðnar að. Sambönd þeirra gáfu ekki tilefni til að þeim væri líkt við gagnkynja sambönd, því þær öpuðu ekki eftir þeirri kynjatvíhyggju sem hugmyndir um rómantíska ást byggðu á. Þá vaknar sú spurning hvernig Ingibjörg og Ágústa litu á ást sína á öðrum konum, fyrst þær höfðu hvorki lesbísku sjálfsmynd né gátu speglað sig í samtímahugmyndum um kynvillu eða kynhverfar konur.

### *Rómantísk vinátta og móðurást*

Lillian Faderman gerði eina fyrstu tilraunina til þess að skilja ástir milli kvenna á áratugunum í kringum aldamótin 1900 án þess að yfirfæra nútíma-hugmyndir um lesbísku kynverund og sjálfsmynd yfir á fortíðina. Faderman setti hugmyndir sínar um hina rómantísku vináttu (e. *romantic friendship*) fyrst fram í bókinni *Surpassing the Love of Men*, sem kom út árið 1981. Þar hélt

---

New York: Columbia University Press, 2001, bls. xii–xiii.

<sup>56</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 190–194.

<sup>57</sup> Önnur heimildin var þó rituð og gefin út löngu eftir andlát Ingibjargar og sýnir kannski helst skoðanir höfundarins Þórðar Sigtryggssonar um miðbik 20. aldar þegar viðhorf til og þekking á samkynja ástum hafði snarbreyst. Þórður Sigtryggsson, Elías Mar og Hjálmar Sveinsson, *Mennt er máttur. Tilraunir með dramb og broka. Kaflar úr endurminningum*, Reykjavík: Omdúrman, 2011, bls. 7; „Frásögn af skautaballinu“, *Vísir*, 23. nóvember 1914, bls. 2.

hún því fram að ástir hvítra borgaralegra milli- og efristéttar kvenna hafi á tímabilinu einkennst af skörun og óræðum mörkum milli rómantískrar ástar og vináttu. Hin rómantíska vinátta bar í raun einkenni beggja fyrirbæra, sem í dag eru rækilega aðskilin í hugum fólks. Hún leit á yfirborðinu út eins og innileg vinátta sem ógnaði ekki gildum hins borgaralega samfélags. Samfélags sem einkenndist af gagnkynhneigðarhyggju og hugmyndum um að hjónaband karls og konu væri endanlegt lífsmarkmið hvernar manneskju. Faderman taldi jafnframt að sú litla ógn sem hinu gagnkynhneigða hjónabandi þótti stafa af hinni rómantísku vináttu hafi verið helsta ástæða þess að náin sambönd hvítra heldri kvenna hafi notið vissrar viðurkenningar á Vesturlöndum fram yfir aldamótin 1900. Konur hafi jafnvel verið hvattar til að stofna til rómantískra vináttubanda og í stað þess að beina athyglinni að körlum en þau kynni gátu getið af sér börn utan hjónabands.<sup>58</sup>

Innan hinnar rómantísku vináttu var þó einnig svigrúm fyrir ástarjárn-ingar af sama tagi og ástarorð Ágústu og Ingibjargar, þá ef til vill sérstaklega lýsingar Ágústu á hvernig hún kyssir myndirnar af Ingibjörgu H. Bjarnason og snertir bréfin frá henni.<sup>59</sup> Faderman heldur því raunar fram að rómantísk vináttusambönd hafi sjaldan verið af kynferðislegum toga en seinni tíma fræðimenn, á borð við Julian Carter og Sally Newman, hafa dregið það í efa.<sup>60</sup> Carter hefur jafnframt vakið athygli á því að rómantísk ást milli kvenna hafi um aldamótin 1900 ekki aðeins skarast við vináttuna heldur einnig móðurástina. Hann rannsakaði hvaða orð bandarískar konur í upphafi 20. aldar notuðu yfir ástarsambönd sín við aðrar konur. Niðurstöður hans urðu til þess að hann taldi að auka þyrfti orðaforðann sem fræðimenn hafa yfir ástarsambönd kvenna því hvorki hin rómantíska vinátta né samkynhneigð næði að fanga þær lýsingar sem hann hafði eftir konum upp úr skrifum kynfræðingsins Luru Beam. Carter lagði fram hugtakið móðurást (e. *mother-love*) því það vakti athygli hans að margar lýsinganna innihalda orðalag sem gefur til kynna að konunum hafi sjálfum þótt sambönd sín líkjast frekar sambandi mæðra og dætra en innilegri vináttu eða rómantísku sambandi. Gilti það jafnt um tilfinningalegar og kynferðislegar hliðar sambandsins. Slíkar

<sup>58</sup> Lillian Faderman, *Surpassing the Love of Men*, bls. 15–20.

<sup>59</sup> KSS 2018/17. Askja 2. Bréf frá Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 18. september 1896.

<sup>60</sup> Sally Newman, „The Archival Traces of Desire: Vernon Lee’s Failed Sexuality and the Interpretation of Letters in Lesbian History“, *Journal of the History of Sexuality* 14: 1–2/2005, bls. 51–75, hér bls. 57–61; Julian Carter, „On Mother-Love“, bls. 123–128; Lillian Faderman, *Surpassing the Love of Men*, bls. 17–19.

tengingar hljóma undarlega í eyrum nútímafólks en Carter dregur þó fram vitnisburði um að þær hafi átt auðveldara með að tengja ástaratlot sín við móðurástina en hugtakið „samkynhneigð“ sem um aldamótin 1900 var í sífellt ríkari mæli sjúkdómsgerð og skilgreind sem afbrigðileiki. Hugmyndin um móðurástina byggði aftur á móti á hefðbundnum kvenleika beggja sambandsaðila og tengdist þannig bæði hvítleika og efri stéttalögum samfélagsins, enda hvítar milli- og efri stéttar konur taldar þær einu sem þóttu búa yfir æskilegum kvenleika.<sup>61</sup>

Hvað með Ágústu og Ingibjörgu? Hvernig skildu þær ást sína á Ingibjörgu H. Bjarnason? Bréfin segja fátt um það með afgerandi hætti en þó má finna í þeim og félagslegu samhengi þeirra vísbendingar um skörun vináttu og rómantískrar ástar. Til dæmis ávarpa bæði Ingibjörg Brands og Ágústa Ingibjörgu H. Bjarnason sem „vinu“ sína. Ingibjörg lýsir enn fremur sambandi þeirra sem „kunningsskab“ og „vinskab“, og kveður með orðunum „Þín einlæg vinkona/vinstúlka“ eða „Þín elskandi vina“.<sup>62</sup> Í bréfum Ágústu sést ágætlega hvernig orðaforði ástarinnar og vináttunnar fléttast saman, til dæmis í bréfi frá 1901 þegar hún skrifar til Ingibjargar: „svo heit er löngun mín, svo sárt þrái ég þig mín margþráða hjartans vina“.<sup>63</sup> Aldursmunurinn milli kvenanna hefur líklega einnig haft þýðingu, en Ingibjörg H. Bjarnason var um tíu árum eldri en stöllurnar Ingibjörg og Ágústa og þar að auki að stíga sín fyrstu skref sem kennari við Kvennaskólann þegar aðdáendur hennar tveir voru nemendur þar. Eins og fjallað verður um á næstu síðum byggðu samskipti innan kvenna- og stúlknaskóla, bæði milli nemenda og kennara og innbyrðis í nemendahópnum, á hugmyndum um mæðrun í bland við annars konar sambönd.

Í þessu sambandi er einnig athyglisvert að Lillian Faderman sér sterkar tengingar milli hinnar rómantísku vináttu annars vegar og bæði femínisma og menntunar hins vegar. Hún bendir á að hin rómantíska vinátta hafi blómstrað undir lok 19. aldar og rekur þá þróun til aukinnar róttækni meðal femínista sem börðust ekki aðeins fyrir auknum pólitískum réttindum heldur einnig fleiri tækifærum til menntunar og atvinnuþátttöku. Konur sem elskuðu aðrar konur gátu því farið í framhaldsnám, átt starfsframa sem gerði

<sup>61</sup> Julian Carter, „On Mother-Love“, bls. 108–111, 134.

<sup>62</sup> Sjá til dæmis KSS 13. Askja 1. Bréf Ingibjargar Guðbrandsdóttir til Ingibjargar H. Bjarnason 29. desember 1902; KSS 13. Askja 1. Bréf Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 12. september 1901, 22. október 1901, 20. október 1904.

<sup>63</sup> KSS 13. Askja 1. Bréf Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason 22. október 1901.

þeim kleift að sjá fyrir sér og búa með konunum sem þær elskuðu. Hún tekur jafnvel svo djúpt í árinna að segja að menntun sé það fyrirbæri sem hafi átt hvað mestan þátt í útbreiðslu samkynja ásta, sem síðar varð þekkt sem samkynhneigð, meðal millistéttarkvenna í Bandaríkjunum. Þær höfðu jafnframt hlutverk sitt sem kvenkyns brautryðjendur í menntun og ýmsum starfsgreinum að skálkaskjóli sem varði þær gegn samfélagslegum þrýstingi um að ganga í gagnkynhneigt hjónaband.<sup>64</sup> Það má færa rök fyrir því að þetta eigi einmitt við um Ingibjörgu H. Bjarnason.

### *Kvennaástir, kvennabreyfingin og kvennaskólar*

Í þessu samhengi getur saga kvennaskóla á Vesturlöndum ef til vill veitt okkur ákveðinn túlkunarramma. Það er nefnilega langt í frá tilviljun að margar af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á ástum milli vestrænna millistéttarkvenna fjalla í aðra röndina um skólasögu. Nemendur og kennarar í stúlkna- og kvennaskólum voru viðfangsefni sumra af fyrstu rannsóknunum sem gerðar voru á sviðinu. Árið 1984 skrifaði Martha Vicinus um ástir nemenda og kennara í enskum heimavistarskólum á síðari hluta 19. aldar. Þar fjallar hún um hlutverk skólanna í að undirbúa stúlkur undir þátttöku í opinberu lífi og störf í kennslu, heilbrigðisþjónustu, góðgerðarstarfsemi eða samfélagsþjónustu. Bæði foreldrar og skólayfirvöld hvöttu til náninna tilfinningatengsla milli stúlkanna, meðal annars til að forða þeim frá óæskilegu samneyti við drengi og karla. Þannig mynduðust kjöraðstæður fyrir samkynja ástir innan skólanna. Vicinus heldur því fram að ástir stúlkna á eldri nemendum eða kennurum hafi í raun orðið hluti af skólamenningunni, því þær gerðu unglingsstúlkum kleift allt í senn, að eignast fyrirmyndir sem nutu velgengni, fá útrás fyrir tilfinningar sínar og að sýna um leið þann líkamlega og tilfinningalega sjálfsaga sem skólavistin átti að innræta þeim, með því að halda fjarlægð við stúlkuna eða konuna sem þær elskuðu.<sup>65</sup> Vicinus bendir einnig á að innan skólanna hafi ríkt ákveðin mæðrunarhefð þar sem eldri stúlkur gengu yngri stúlkum í móðurstað. Kennarar gátu einnig gegnt þessu hlutverki og jafnvel eru dæmi um skólahefðir þar sem skólastýrur kysstu nemendur sína góða nótt. Slík „staðgöngumæðrun“ gat vakið upp heitar tilfinningar hjá sumum nemendanna og þær voru stundum endurgoldnar af

<sup>64</sup> Lillian Faderman, *Odd Girls and Twilight Lovers. The History of Lesbian Life in Twentieth Century America*, New York: Columbia University Press, 2. útgáfa 2012, bls. 13–18.

<sup>65</sup> Martha Vicinus, „Distance and Desire“, bls. 603–608.

kennurunum.<sup>66</sup>

Frekari vísbendingar um hinsegin skólamenningu stúlkna- og kvennaskólanna má finna í þeim mörgu samböndum milli kvenkyns kennara þar á bæ. Eitt frægasta dæmið er M. Carey Thomas, skólastýra kvannaháskólans Bryn Mawr í Bandaríkjunum á árunum 1894–1922. Hún deildi heimili sínu á skólalóðinni með tveimur konum, fyrst Mamie Gwinn og síðar Mary Garrett.<sup>67</sup> Fleiri dæmi eru til um kvenkyns lífsförunauta meðal kennara í kvannaháskólunum Mount Holyoke College og Wellesley College í Bandaríkjunum. Slík sambönd voru alþekkt og stundum nefnd Wellesley-hjónabönd í höfuðið á skólanum síðastnefnda.<sup>68</sup> Hér var, sem fyrr segir, kvenleiki og stéttarstaða kvennanna lykilatriði.

Það hafa ekki verið gerðar neinar rannsóknir á því hvernig þessum málum var háttað á Íslandi. Þess ber þó að geta að íslenska kvannahreyfingin var hluti af alþjóðlegri hreyfingu. Íslenskar kvenréttindakonur áttu í bréfasamskiptum við erlendar stallsystur sínar og sóttu ráðstefnur og fundi erlendis. Kvennapör voru algeng innan kvannahreyfingarinnar í Evrópu, einnig á Norðurlöndum. Danska skólastýran og kvenréttindafrömuðurinn Natalie Zahle deildi til að mynda tvívegis lífi sínu með annarri konu og lýsti sambandi sínu með hinni fyrri, Marie Povline Govl, á þann veg að Marie væri húsmóðirin, hún sjálf húsaðirinn og börn þeirra væru aðrar ungar kennslukonur sem bjuggu á heimilinu.<sup>69</sup> Zahle er frægust fyrir umbætur í menntamálum en hún rak skóla fyrir stúlkur og ungar konur í Danmörku þar sem sumir af fremstu femínistum Norðurlanda menntuðust, þar á meðal íslenskar konur á borð við Elínu Briem og Þórunni Jónassen.<sup>70</sup>

Íslenskar kvenréttindakonur komust því margar í tæri við þá borgaralegu menningu meginlandsins sem fósttraði ástir milli kvenna. Bréf Ingibjargar Brands og Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson til Ingibjargar H. Bjarnason benda jafnframt til þess að við Kvennaskólann í Reykjavík hafi verið vettvangur

<sup>66</sup> Sama heimild, bls. 606, 609–610.

<sup>67</sup> Sally E. Newman, „Thomas, M. Carey (1857–1935)“, *Lesbian Histories and Cultures. An Encyclopedia*, 1. bindi, ritstjóri Bonnie Zimmermann, New York og London: Garland Publishing, 2000, bls. 770.

<sup>68</sup> Deborah M. Olsen, „Remaking the Image. Promotional Literature of Mount Holyoke, Smith, and Wellesley Colleges in the Mid-to-Late 1940s“, *History of Education Quarterly* 4: 40/2000, bls. 418–459, hér bls. 425–426.

<sup>69</sup> Birgitte Possing, *Viljens styrke. Natalie Zable – En biografi om dannelse, køn og magtfuldkommenhed*, 1. bindi, Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1992, bls. 233–237, 314–319.

<sup>70</sup> „Natalie Zahle“, *Konur og stjórnmál*, sótt 5. febrúar af <https://www.konurogstjornmal.is/natalie-zahle/>.

þar sem nemendur og ungar kennslukonur, sem sumar voru á unglingsaldri, höfðu fyrir augum öflugar fyrirmyndir úr kennarahópnum sem vöktu aðdáun. Aðdáunin gat síðan þróast og orðið að ást þegar fram liðu stundir, hvort sem við viljum kenna tilfinningarnar við rómantíska vináttu, móðurást eða rómantíska ást. Hér skiptir einnig máli að kvennaskólarnir voru mikilvægur hluti af kvennahreyfingunni á Vesturlöndum um aldamótin 1900 og gegndu lykilhlutverki í að sýna og móta nýja valkosti fyrir nemendur, til dæmis þegar kom að lífsviðurværi og nánum samböndum.<sup>71</sup>

Erla Hulda Halldórsdóttir fjallar í doktorsritgerð sinni *Nútímans konur* um upphaf kvennaskóla á Íslandi og kallar þá skurðpunkt „þar sem mættust hugmyndir um hefðbundið samfélagshlutverk kvenna og nýjar hugmyndir um frelsi og möguleika.“<sup>72</sup> Hún undirstrikar að ekki megi leggja kvennaskólanám og kvenfrelsinhugmyndir að jöfnu, enda sé eðlilegt að viðtökur ungra kvenna við beinum og óbeinum skilaboðum um hlutverk þeirra séu ólíkar og einkennist ýmist af andófi eða samsemd. Erla Hulda bendir þó á að við kvennaskólana varð til sérstök kvennamening og um leið urðu skólarnir „vettvangur og uppspretta nýrra hugmynda um kvenfrelsi og samfélagslegt hlutverk kvenna.“<sup>73</sup> Með öðrum orðum voru skólarnir „vettvangur og uppspretta femínískrar vitundar“ eins og Erla Hulda orðar það.<sup>74</sup>

Erla Hulda byggir hér á skrifum franska heimspekingsins Michels Foucault um heterótópíur, sem hafa ýmist verið kallaðar önnur rými eða staðbrigði á íslensku. Staðbrigði eru í senn raunverulegir staðir og utan allra staða. Þetta eru gagnstaðsetningar, eins konar útópíur, sem „umbylt[a] hinum raunverulegu staðsetningum, öllum öðrum raunverulegum staðsetningum sem finna má innan menningarinnar.“<sup>75</sup> Þau standa því, eins og Benedikt Hjartarson orðar það, „með einhverjum hætti í senn utan og innan samfélags okkar og koma róti á hefðbundna formgerð þess og markalínur.“<sup>76</sup> Innan staðbrigðanna gilda ekki hinar almennu leikreglur samfélagsins heldur búa þær yfir sínum eigin sérstöku venjum og lögmálum. Andófsrými kvennaskólanna eru, samkvæmt Erlu Huldu, dæmi um staðbrigði þar sem

<sup>71</sup> Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist, „Om kärlek, kamratskap och kamp“, bls. 13.

<sup>72</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 228.

<sup>73</sup> Sama heimild, bls. 232.

<sup>74</sup> Sama heimild, bls. 232.

<sup>75</sup> Michel Foucault, „Um önnur rými“, þýðandi Benedikt Hjartarson, *Ritið 2*: 1/2002, bls. 131–142, hér bls. 135.

<sup>76</sup> Sama heimild, bls. 131. Sjá inngang Benedikts Hjartarsonar.

stúlkur „fengu tækifæri til þess að kanna það rými sem þær höfðu til athafna og láta reyna á þanþol samfélagsins og þau mörk sem þeim voru sett ... athvarf frá kröfum hins venjubundna lífs.“<sup>77</sup>

Það mætti því kalla þessi rými femínísk (jafnvel þótt hugtakið femínismi hafi ekki verið hluti af orðaforða kvenréttindakvenna aldamótanna 1900) á svipaðan hátt og Þorsteinn Vilhjálmsson notar hugtakið „hinsegin rými“ í rannsóknum sínum á menningu skólapilta Lærða skólans í Reykjavík. Hugtakið var mótað af póstrúktúralistum og póstmóðernískum landfræðingum en byggir á staðbrigðum Foucaults. Það skírskotar til rýmis „þar sem hefðbundin formgerð samfélagsins í kynferðismálum truflast eða sveigist til.“<sup>78</sup> Í kjölfarið færir Þorsteinn svo rök fyrir því, á grundvelli dagbóka skólapiltsins Ólafs Davíðssonar, að innan Lærða skólans myndast hinsegin rými sem bauð upp á óhefðbundna möguleika í kynferðis- og ástarmálum. Ástarbréf Ágústu Ólafssonar og Ingibjargar Guðbrandsdóttur gefa til kynna að þessu hafi verið svipað farið við Kvennaskólann í Reykjavík. Að hinseginleiki hafi gegnt ákveðnu hlutverki í mótun þess femíníska andófsrýmis sem Erla Hulda Halldórsdóttir greinir þar.

Það væri þá í takt við erlendar rannsóknir sem sýnt hafa að hinseginleiki gegndi veigamiklu hlutverki í kvannahreyfingunni í Evrópu og Norður-Ameríku um aldamótin 1900. Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist benda á í inngangi að bókinni *Den kvinnliga tvåsambetens frirum*, sem fjallar um kvennapör í sænsku kvannahreyfingunni á árunum 1890–1960, að femínismi aldamótanna hafi ekki aðeins unnið að pólitískum, félagslegum, lagalegum og efnahagslegum réttindum kvenna, gagnrýnt ójöfnuð innan hjónabandsins og greitt leið fyrir þátttöku kvenna í opinberu lífi. Hann hafi ekki síst skapað félagsleg rými þar sem konur gátu mótað nýjar hugmyndir um kvenleika og nýjar leiðir til að lifa og elska. Þannig andæfa Borgström og Winkvist þeirri áherslu sem lögð hefur verið á kynfræðinga 19. og 20. aldar í að móta það sem í dag kallast samkynhneigð og vilja draga fram mikilvægi kvannahreyfingarinnar í því ferli.<sup>79</sup> Þegar Borgström og Winkvist ræða um mikilvægi félagslegra rýma í kvannahreyfingunni fyrir ástir milli kvenna þá eru þær meðal annars að tala um kvennaskólana.

Bréf Ingibjargar og Ágústu sýna þó að ástarjátningar og heitar tilfinn-

<sup>77</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 254–255.

<sup>78</sup> Þorsteinn Vilhjálmsson, „„Að hafa svo mikið upp úr lífinu sem auðið er“. Ólafur Davíðsson og hinsegin rými í Lærða skólanum á nítjándu öld“, *Saga* 56: 1/2018, bls. 49–79, hér bls. 51.

<sup>79</sup> Eva Borgström og Hanna Markusson Winkvist, „Om kärlek, kamratskap och kamp“, bls. 13–14.



ingar voru ekki einskorðaðar við Kvennaskólann í Reykjavík, þótt sú stofnun hafi gegnt veigamiklu hlutverki í að leiða þær saman og fóstura þær tilfinningar sem þær báru í brjósti. Ástarbréf þeirra voru mörg rituð utan Kvennaskólans, þegar Ingibjörg og Ágústa störfuðu sem kennarar við aðra skóla, en Þorsteinn Vilhjálmsson undirstrikar í rannsókn sinni á hinsegin rými Lærða skólans að hin skammvinna skólavist gegndi lykilatriði í mótun þess staðbrigðis sem þar varð til. Að skólavist lokinni var ætlast til þess að drengirnir sneru aftur til hins venjulega samfélags þar sem hefðbundnar reglur um ástir og kynlíf ríktu.<sup>80</sup> Hann veltir því þó einnig fyrir sér hvort piltunum hafi sumum auðnast að framlengja þetta hinsegin rými alla leið til Kaupmannahafnar þar sem þeir stunduðu háskólanám og þjuggu saman á stúdentagörðum.<sup>81</sup>

Bréf Ingibjargar og Ágústu bjóða einnig upp á áhugaverðar vangaveltur um hvort starfsvettvangur kennslukvenna hafi þjónað sem eins konar framlanging á hinu hinsegin femíníska rými Kvennaskólans. Starfið var eitt fárra sem stóð einhleypum borgaralegum konum til boða sem æskilegur starfsvettvangur sem gerði þeim kleift að lifa sjálfstæðu lífi í samfélagi aldamótanna 1900. Því er ekki að undra að saga fyrstu bylgu femínisma á Íslandi sé uppfull af kennslukonum. Ingibjörg Brands var til að mynda einn af fimmtán stofnfélögum Kvenréttindafélags Íslands árið 1907, ásamt fimm öðrum kennurum við Barnaskóla Reykjavíkur og Kvennaskólann í Reykjavík. Af kennurunum sex voru fimm ógiftar við stofnun félagsins, sem undirstrikar mikilvægi kennarastarfsins fyrir ógiftar konur til að sjá sér farborða. Í hópnum voru þrjár starfandi kennarar við Kvennaskólann í Reykjavík, þær Elín Matthíasdóttir, Sigríður Björnsdóttir og Margrét Stefánsdóttir. Einnig tveir fyrrverandi kennarar við skólann, þær Ingibjörg Brands og Laufey Vilhjálmisdóttir.<sup>82</sup> Athygli vekur að Elín Matthíasdóttir og Sigríður Björnsdóttir urðu báðar síðar sambýliskonur Ingibjargar Brands. Það er því fullt tilefni til huga betur að samtvinnum kvennamenntunar, hinseginleika og kvenna-

<sup>80</sup> Þorsteinn Vilhjálmsson, „Að hafa svo mikið upp úr lífinu sem auðið er“, bls. 54.

<sup>81</sup> Þorsteinn Vilhjálmsson, „The Boundaries of Pleasure. The Diary of Ólafur Davíðsson and the Heterotopia of the Nineteenth-Century Reykjavík Latin School“, *Scandinavian Journal of History* 45: 5/2020, bls. 593–614, hér nmgr. 90.

<sup>82</sup> Í rannsóknnum Ólafar Garðarsdóttur um kennslukonur í Barnaskólanum í Reykjavík kemur fram að 19 af 20 kennurum við Barnaskóla Reykjavíkur veturinn 1909–1910 voru ógiftar. Tvær þeirra giftust skömmu síðar og hættu þá kennslu. Ólöf Garðardóttir, „Kennslukonur í Barnaskóla Reykjavíkur í upphafi 20. aldar“, *Nýtt Helgakver. Rit til heiðurs Helga Skúla Kjarntansyni sjötugum 1. febrúar 2019*, ritstjórar Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Ólöf Garðarsdóttir og Þórður Helgason, Reykjavík: Sögufélag, 2019, bls. 201–219, hér bls. 216; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 70.

baráttu en hingað til hefur verið gert í íslenskum kynjasögurannsóknum.

### *Lokaorð*

Á undanfórnum áratugum hefur kvenna- og kynjasögu vaxið ásmegin á Íslandi sem og annars staðar í Evrópu. Kvinnahreyfing aldamótanna 1900, auk kvennaskólanna, hefur þar hlotið verðskuldaða athygli. Tengsl kvennaskóla og femínisma við hinseginleika hafa þó ekki verið rannsökuð, ólíkt því sem gerst hefur í nágrannalöndum okkar, og mætti segja að þessi grein sé fyrsta tilraunin til að varpa ljósi á þann möguleika að ástir milli kvenna hafi verið mikilvægur hluti af kvinnahreyfingu aldamótanna á Íslandi, á svipaðan hátt og í Norður-Evrópu og -Ameríku.

Bréf Ágústu Ágústsdóttur Ólafsson og Ingibjargar Guðbrandsdóttur gefa fullt tilefni til að skoða nánar samvinnun kvennaskóla, kvinnahreyfingar og kvennaásta. Þau sýna okkur með óyggjandi hætti að þær báru heitar tilfinningar til Ingibjargar H. Bjarnason, tilfinningar sem við myndum í dag kalla rómantíska ást en þær hafa sjálfar vafalaust kallað eitthvað annað. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að rómantísk ást átti langoftast við um ástir milli karls og konu en samböndum tveggja kvenna hefur frekar verið lýst sem rómantískri vináttu eða líkt við móðurást. Með tilliti til stéttarstöðu þeirra kvenna sem hér eru til umfjöllunar, auk þess orðfæris sem þær grípa til, má draga þá ályktun að eitthvað svipað hafi átt við um tilfinningar þeirra Ingibjargar Guðbrandsdóttur og Ágústu Ólafsson.

Það er ekki síst þessi sérstaða sem undirstrikar að ást Ingibjargar og Ágústu á Ingibjörgu H. Bjarnason var afurð tiltekins tíma, staðar og andrúmslofts sem einkenndist af endurskilgreiningum á stöðu kvenna, sess þeirra í hinu opinbera lífi sem og ástum og nánd. Kvinnabaráttan og þeir möguleikar sem hún veitti á að lifa sjálfstæðu lífi, kvennaskólarnir og femínísk staðbrigði þeirra, ekki síst Kvennaskólinn í Reykjavík með sínar öfluggu kvenfyrirmyndir og femínískt, jafnvel hinsegin femínískt, rými: allt virðist þetta (og fleira til) hafa fléttast saman til að skapa þá hinsegin möguleika sem kyntu tilfinningabálið sem þær báru í brjósti. Sá ástarkraftur virðist síðan, að minnsta kosti í tilfelli Ingibjargar Brands, hafa knúið hana áfram í kvinnabaráttunni. Menntun, kvinnabarátta og ást milli kvenna, sama hvaða nafni við viljum kalla hana, voru þannig samofnar. Einn þátturinn myndaði grundvöll að öðrum sem síðan knúið áfram þann þriðja. Hinseginleiki er þannig samofinn bæði kvinnenmenntun og kvinnabaráttu í tilfelli þríeykisins sem hér hefur verið til skoðunar, á svipaðan hátt og Borgström og Winkvist

hafa leitt í ljós í sínum rannsóknum á hinseginleika og norrænum femínisma aldamótanna 1900. Þær benda ekki aðeins á að hinseginleiki hafi verið órofa hluti af kvannahreyfingunni heldur hafi hin síðarnefnda með sín kvennapör gegnt mikilvægu hlutverki í að móta hugmyndir um samkynhneigð á Norðurlöndum. Hvernig því var nákvæmlega farið á Íslandi er enn óljóst, og ekki loku fyrir það skotið að birtingarmyndir hinsegin ásta innan kvannahreyfingar hafi tekið á sig aðrar myndir á jöðrum Evrópu en nær menningarlegri miðju álfunnar. Það er þó fyllilega ljóst að bréfasafn Ingibjargar H. Bjarnason kallar á frekari rannsóknir á þætti hinsegin kynverunda í sögu kvennabaráttunnar um aldamótin 1900. Þær rannsóknir hafa ekki aðeins það markmið að laða fram þátt samkynja ásta meðal kvenréttindakvænna heldur skoða jafnframt hvaða áhrif menntun kvænna og kvennabarátta hafði á hugmyndir um hinsegin kynverund kvænna á Íslandi.

## ÚTDRÁTTUR

### Ég er alveg í öðrum heimi. Kvennaskólinn í Reykjavík, kvannahreyfingin og hinsegin ástir meðal kennslukvænna um aldamótin 1900

Í greininni er fjallað um hinsegin ástir meðal íslenskra kennslukvænna og í kvannahreyfingunni um aldamótin 1900 á grundvelli bréfa sem kennararnir Ágústa Ágústsdóttir Ólafsson og Ingibjörg Guðbrandsdóttir sendu Ingibjörgu H. Bjarnason, kennara og skólastýru við Kvennaskólann í Reykjavík. Bréfin innihalda beinar og óbeinar ástarjátningar en í greininni er rýnt í þá merkingu sem hægt er að leggja í orð þeirra stallsystra og þau hugtök sem stóðu konum til boða þegar þær skilgreindu ást sína á öðrum konum. Þá er kvannahreyfingin á Íslandi skoðuð með sérstakri áherslu á Kvennaskólann í Reykjavík í því augnamiði að varpa ljósi á samvinnun samkynja ásta og fyrstu bylgu femínisma á Íslandi, líkt og átti sér stað í Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig hvernig eins konar andófsrými myndaðist bæði á starfsvettvangi kennara og í Kvennaskólanum, sem gerði það óumflýjanlega að verkum að sumar konur beindu ástaraugum sínum fyrst og fremst að öðrum konum. Dregnar eru fram rannsóknir sem sýna að kvennaskólar og kvannahreyfingin gegndu mikilvægu hlutverki í að móta hinseginleika kvænna í Evrópu og Norður-Ameríku um aldamótin 1900 og spurt er hvort því hafi verið eins farið á Íslandi.

*Lykilorð:* hinsegin, samkynja ást, kvannahreyfingin, kvennaskólar, Ingibjörg H. Bjarnason

ABSTRACT

**I Am in Another World: The Women's School in Reykjavík,  
the Women's Movement, and Queer Love among Female Teachers at the  
Turn of the 20th Century**

The main topic of the article is queer love in the feminist movement and among female teachers in Iceland at the turn of the 20<sup>th</sup> century, based on letters written by Ágústa Ágústsdóttir Ólafsson and Ingibjörg Guðbrandsdóttir to Ingibjörg H. Bjarnason, teacher and principal at the Women's School in Reykjavík. The letters contain direct and indirect confessions of love, which are analysed with the purpose of gaining insight into the vocabulary that women used to describe their love for other women. I consider if the women's movement in Iceland and the Women's School in Reykjavík was a site where love between women and the first wave of feminism intersected, as it did in Europe and North America. The article reveals that the teaching profession and the Women's School became sites of opposition, creating an atmosphere where some women felt free to love and desire other women. I highlight research demonstrating that women's colleges and the women's movement played a significant role in the construction of women's queer sexualities in Europe and North America at the turn of the 20th century and consider if the same applied to Iceland.

*Keywords:* queer, same-sex love, the women's movement, women's colleges, Ingibjörg H. Bjarnason

ÍRIS ELLENBERGER

Dósent í sagnfræði

Deild fagreinakennslu

Menntavísindasvið

Stakkahlíð

105 Reykjavík, Ísland

irisel@hi.is